



Mannréttindaráð

Reykjavík, 30. apríl 2025
MSS22060212

Niðurstöður rafrænnar könnunar á kynþátta- og menningarfordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar – staða verkefnis

Rafræn könnun um kynþátta- og menningarfordóma var framkvæmd af mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samstarfi við Maskínu dagana 13. janúar til 17. febrúar 2025. Könnunin fór fram á netinu og var starfsfólki boðið að taka þátt með tölvupósti. Markmiðið með þessari könnun var að afla upplýsinga um reynslu og upplifun starfsfólks Reykjavíkurborgar af kynþátta- og menningarfordómum.

Næstu skref er að vinna eigindlega viðtalsrannsókn meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar. Auglýst verður eftir þátttakendum í gegnum tölvupóst og á Workplace. Viðtölunum er ætlað að fylgja eftir þeim atriðum sem spurt var um í könnuninni og varpa betra ljósi á upplifun starfsfólks af fordómum á vinnustöðum borgarinnar. Viðtölin verða framkvæmd haustið 2025. Áætluð lok verkefnis er desember 2025.

Óskað er eftir að niðurstöður rafrænnar könnunar séu kynntar á fundi mannréttindaráðs.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 8. janúar 2024



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Úttekt um kynþátta- og menningarfordóma innan Reykjavíkurborgar – Staða verkefnis

Á fyrsta fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 30. júní 2022, var samþykkt meðfylgjandi tillaga um að framkvæma úttekt á kynþáttafordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar. Tillagan er í samræmi við aðgerð nr. 40 í Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022 - 2024, að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu. Ákveðið var að framkvæmd úttektar yrði útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Í framhaldi var samþykkt útfærsla á tillögunni ásamt kostnaðarmati, á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 11. maí 2023.

Útfærslan var unnin af Semu Erlu Serdaroglu og er tvíþætt, annarsvegar rafræn könnun meðal starfsfólks á kynþátta- og menningarfordómum innan Reykjavíkurborgar og eigindleg viðtalsrannsókn á meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins hefur tafist og þá einkum út frá breyttum forsendum við framkvæmd könnunar vegna persónuverndarsjónarmiða.

Framkvæmd könnunar tefst því þar til í janúar og verklok verkefnis áætluð um mitt ár 2024.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga

Tillaga um úttekt á kynpáttafordómum innan Reykjavíkurborgar

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur til að framkvæmd verði úttekt á kynpáttafordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar. Tillagan er í samræmi við aðgerð nr. 40 í Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024, að sporna gegn kynpáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu. Framkvæmd úttektar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.